

Nd.

548. Frumvarp

til laga um skrásetning skipa.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjellagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskirteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smalestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin

ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningar skirteini, en fá að eins mælingarskirteini; þó skulu þau fá þjóðernisskirteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettósmálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubítann við aðalrestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkennt sem skrásett íslenskt skip.

4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármáladeildin aðalskrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og þjóðernisskirteini þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

5. gr.

Ríkinu er skift í skrásetningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitíð heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðaladsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á

hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn i skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í umdæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðni um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipssmiðisskirteinið ásamt heimildarbrjefi þess eða þeirra, sem vilja áta skrásetja skipið sem sína eign, ef eigandaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt yfirlýsing, að við lögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelags, einnig að við lögðum drengskap, um að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskirteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af notarius. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með kirteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skirteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt, svo að nægir, upplýsingar þær, er með þarf.

10. gr.

Á skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um allt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkent íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endur-

sendir það skrifstofunni skjölin og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

11. gr.

Pegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskirteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskirteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skirteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smalestatalið o. fl., ef rangt er, og athenda síðan skirteinið, er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip, þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskirteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

12. gr.

Skirteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Það er bannað, að neitt sje ritað á skirteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. gr.

Pegar skip hefir verið smíðað erlendis og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr., 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskirteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskirteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smalestatal og lögum og lýsing skipsins; 5) hve lengi skirteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernisskirteini til

bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskirteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skirteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskirteini. Þó getur slíkt skirteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku lettri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku lettri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt lettra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskirteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis- og skrásetningarskirteini látið koma nýtt skirteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skirteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskirteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skirteini, ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skirteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskirteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskirteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skirteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það

var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipa-
skránni; einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskirteininu aftur,
eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farið erlendis,
skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismaðni eða þeim, sem fer með slíkt
starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skirteininu. Ræðismaðurinn
sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skip-
tapann.

17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip
eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa ís-
lenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að
hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstof-
unni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skirteininu. —
Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismann-
inum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila
honum skirteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórn-
arráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem eng-
inn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd
ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af
notáriusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skirteininu.
— Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir
rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum,
skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða
ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt
starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga
einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af
því að það sje óhaffært.

18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting
sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á ein-
hverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður
en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrif-
stofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram
með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigendaskifti
verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-
skirteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skirtein-
inu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða
sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skirteinið, og verði
eigendaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi
breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og
skrásetningarskirteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatál þess
eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skirteinið um
breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða
sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skir-
teini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða

sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skirteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskirteiniu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skirteini verði gefið út.

20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sómuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteinum þeim og mælingarskirteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskirteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskirteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins, og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskirteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skirteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskirteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstafirnir samkvæmt 3. gr.

22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á sviksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa islenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskirteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa

skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögnum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skirteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskirteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskirteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skirteinið sje ógilt.

26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögnum.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í rikissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, jafnframt numin úr gildi.